

hugurinn leitar meir út, en inn á við að persónugerfinu sjálfu, út í rannsakandi ljós,— glaða og lifandi tilveruríkið, þar sem hægt er að horfa á töfraleiki, gleði og sorgarleiki tilveruheildarinnar, sem sífellt eru háðir, er meira vert en legiönur af brjóstadúkum, axlapúðum og undirhökum, sem margar ungar stúlkur hafa dálæti á.

Það er alls ekki með þessu meint að verið sé að lasta fegurðarsmekk kvenna, en ýmiskonar búningur, ytri mynd þess fegurðarsmekks, er alls ekki eftirlíkingarverður. Þar hafa skapað sér harðstjóra, sem heitir tízka. Tízkan er þeirra handaverk, og hefir það stundum verið sagt, að sú stúlka, sem mest elti tízkuna tillitslaust til eðlilegrar fegurðar atti allra nanna minst af sjálfstæðri dómsgreind og fegurðartilfinningu.

Frá hinni ytri sýnilegu mynd mannglegrar fegurðar er kvenmaðurinn sú mesta meistarasmíð guðs, sem til er á jörðinni. Fagurvaxin stúlka uppfyllir skilyrði fegurðarformsins allra lifandi vera bezt. Því líkamsvöxtur hennar fellur eftir þeim línunum, sem kallaðar eru „fagurlínur“, og finnast í frumhreyfingum alls náttúruríkisins í öldufalli ljóss og vatns og veðra, og jafnvel í hreyfingum Ethersins sjálfs, að því er sagt er. Hún er þess oft líka meðvitandi sjálf og bróðir hennar maðurinn hefir óljósa hugmynd um það líka. Þess vegna er það líka raunalegt þegar „meistarastykkið“ sjálft fer til verks og gerir úr sér kengbogið axarskaft, af því skilningnum er svo sorglega áfátt í því í hverju fólgin sé fegurð í raun og sannleika.

Það mætti fara hér feti framar. Það er við efnið, þó það gangi dálítið út frá því, sem vér erum aðallega að ihuga. Það er ástleysi óteljandi hjónabanda. Eðlileg fegurð er eitt af því sem mest og bezt eykur á virðingu og ást meðal hjóna, og skyldi ekki hin snögga umbreyting, sem oft fylgir fast á hæla hjónavígsunni frá „meistarastykki“ í axarskaft, eiga sinn góða þátt í ástleysi og kala? Geta hjón átt von á því, að um leið og þau hætta að hirða nokkuð um fegurð og nettpýði að þau áframhaldandi verði hugfangin hvort af öðru öll ár sín til enda? Durgur og dyrgja unnast aldrei hugástum, ekki fremur en Boli og Baula. Þau hrynda ástinni á dyr um leið og þau íklæðast